

1862.

13. septembr.

um í Borgarfjarðarsýslu, og á nokkrum bæjum í Mosfellssveit og á Kjalarnesi í Kjósarsýslu, og í Rosmhvalaneshrepp í Gullbringu sýslu. Það sést og af skýrslu yðar, að þegar hún var samin var enginn fjárkláði í suðurumdæminu, þegar undan skilin er jörðin Elliðavatn og nokkrir bæir í Rosmhvalanes hrepp, og var þó sýkin í rennun á bæjum þessum eptir að búið var að baða fè þar. Í sambandi við þetta hafið þér, herra stiptamtmaður, í bréfi 24. f. m. skýrt frá, að ástandið sè enn hið sama og jafnvel betra en það hafi verið, þá er þér senduð skýrslu yðar þá, sem að ofan er getið.

Eptir þessari lýsing yðar á ástandinu virðist reyndar ekki vera nein slík yfirvofandi hættu á ferðum, er gjöri óvanalegar ráðstafanir nauðsynlegar. En samt sem áður verður dómsmálastjórnin að skora á yður, að hafa framvegis vakandi auga á sýkinni, og gjöra þær ráðstafanir, sem þér, eptir því hvernig ástatt er, teljið nauðsynlegar eður hagkvæmar til þess, að suðurumdæmið geti orðið með öllu laust við sýki þessa. Einkum skal skorað á yður, að þér nú í haust látið vandlega skoða sauðfè hvervetna í Gullbringu- og Kjósarsýslu og í Borgarfjarðar sýslu, svo og í Árnes sýslu, ef álitid yrdi, að það mundi þurfa til að geta komizt að fullri vissu um heilbrigðisástand fjárisins, og til þess, að þar eptir verði gjörðar þær ráðstafanir, sem þörf kynni vera á; verður stjórnarráðið að álíta hagfellt, að prentaðar sæu í blöðum þeim, er koma út á Íslandi, opinberar skýrslur um árangurinn af skoðunum þessum og af þeim fjárskoðunum, sem þér síðar kynnuð láta fram fara, og eruð þér beðnir að gjöra þær ráðstafanir, er með þarf í þessu efni.

Að endingu vonast stjórnarráðið eptir, að þér framvegis jafnaðarlega sendið hingað skýrslu um, hvernig ástatt er og hverjar ráðstafanir þér gjörði í máli þessu.

57. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins 24. októberm. yfir Íslandi, um uppgjöf á sekt fyrir brot gegn verzlunarlögnum.

Í bænarskrá, er hingað barst með álitsskjali yðar, herra

1862.

24. októberm. stiptamtmaður, dagsettu 15. dag ágúst. þ. á., hefir Wulff verzlunarstjóri í Reykjavík farið þess á leit, að Talleria skipstjóra frá Bilbao, er kom í júlímánuði í sumar er leið, á spönsku skipi að nafni Tres Hermanos, á Keflavíkur verzlunarstað innan Gullbringu sýslu, verði gefin upp sekt sú, sem hann hefir unnið til fyrir það, að hann ekki hefir hlýtt því, sem boðið er í lögum 15. apríl. 1854, um að koma fyrst inn á einhverja af þeim 6 höfnum, sem nefndar eru í 2. grein laga þessara.

Út af þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörið það beiðanda, að með því allt, sem fram er komið í máli þessu, virðist lúta að því, að skipstjórinn ekki hafi þekkt skyldu sína í þessu efni samkvæmt ofangreindu lagaböði, þá leyfir stjórnarráðið, að sektin í þetta skipti megi niður falla, en beiðandi hafði sótt um, að dómsmálastjórnin skyldi ákveða sektina, ef nokkur yrði, og skuldbundið sig til að greiða þá sekt.

24. októberm. **58. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um hvernig vaxta megi fè opinberra stofnana.**

Í bréfi 18. júním. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, spurt um, hvort þér ekki framvegis að minnsta kosti endur og sinnum megið, þegar þess verði óskað, lána fè opinberra stofnana móti veði í kaupstaðarhúsum, sem alþekkt og áreiðanleg erlend brunabótafélög hafa tekið að sér ábyrgð á, ef sá, er lánið þiggur, fær lánardrottni ábyrgðarskrána til geymslu, og sýnir í hvert skipti kvittun fyrir því, að ábyrgðargjaldið hafi verið greitt fyrirfram. Þessu skal þannig svarað, að stjórnarráðinu virðist ísjárvert að leyfa, að fè opinberra stofnana sè komið fyrir á þann hátt, er nú var getið.